

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

10. júlí 2025
UOS2501697/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23. maí 2025 – ID 344

Þann 23. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf., Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Framleiðsla árið 2022 var yfir leyfilegu hámarki skv. starfsleyfi.
Verklagi hefur verið breytt og var framleitt magn árið 2024 í samræmi við heimild í starfsleyfi. Frávikinu er því lokað.
2. Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Fullnægjandi umhverfisupplýsingum var skilað þann 30. október 2024 og er frávikinu því lokað.
3. Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 21 tonn sem er umfram heimild skv. starfsleyfi.
Verklagi hefur verið breytt og var framleitt magn árið 2024 í samræmi við heimild í starfsleyfi. Frávikinu er því lokað.

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu:

1. Árið 2024 var losun næringarefna yfir heimiluðum mörkum skv. starfsleyfi.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. ágúst 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri, teymi eftirlits